

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisráðuneytið
Guðríður Þorvarðardóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. apríl 2011
2011040002/42-8
TB
jgo/tb

Skagafjarðarveitur, nýtingarleyfi á jarðhita í landi Langhúsa í Fljótum

Vísað til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 25. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Skagafjarðarveitna ehf um leyfi til að nýta jarðhita í landi Langhúsa í Fljótum. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að jarðhiti á umræddu svæði verði nýttur. Í erindinu er ekki fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af einstökum þáttum nýtingarinnar, þegar til hennar kemur, s.s. endurbótum á borholum eða nýju dreifikerfi og er því ekki tekin afstaða til þess í þessari umsögn. Benda má á að í næsta nágrenni er Miklavatn í Fljótum sem er á náttúruminjaskrá, sérstætt náttúrufyrirbæri með greinilegri seltulagsskiptingu, en ekki er t.d. vitað hvort líklegt sé að einhver áhrif verði á það.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri


Trausti Baldursson